

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

### 4. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 30. 8. 2016 kl. 18:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristín Ívarsdóttir, Jarprúður Hanna, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Kristinn Arason, Þóra Margrét formaður laganefundar, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefundar kvenna, Bergþóra Kristín formaður tækninefundar í hóp fimleikum, Íris Svavarsdóttir, Sólveig Jónsdóttir og Sæunn Viggósdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

#### 1. Leyfiskerfi - innheimta

*Verkferlar við innheimtu á leyfisgjöldum*

Gögn voru lögð fyrir á fundinum þar sem að verkferlar við innheimtu á leyfisgjöldum voru útskýrðir.

Erindi samþykkt

#### 2. Mótaskrá – úthlutun móta

*Mótaskrá lögð fram þar sem kynnt var úthlutun móta á félög og dagsetningar móta*

Ennþá eru nokkur mót í lausu lofti vegna landsliðsverkefna og aðstæðna hjá félögum.

Formaður TKV segir frá athugasemdum sem nefndin sendi inn, óskað var eftir að þrepamót verði á tveimur helgum en ekki þremum. Þrepamót í 5. og 4. þrep kk og 5. þrep kvk er í húsi Bjarkanna sem er ekki nógu stórt fyrir tvöfalt dómaraengi í 5. þrepi kvk. Óskað er eftir því að GK mótið og Special Olympics sé ekki haldið á sama mótinu.

Umræða átti sér stað um einstök mót, tímasetningar og staðsetningar, niðurstaða fundarins er sú að vinna þurfi mótaskrána áfram, ekki er tímabært að samþykkja hana óbreytta.

#### 3. Móta- og keppnisreglur

*Reglurnar kynntar og umræður um reglurnar teknar á fundinum*

Formaður TKV gagnrýnir reglur um stigagjöf til stigameistara í áhaldafimleikum og liðakeppni í áhaldafimleikum.

Skrifstofa útskýrir að Fimleikaping óskaði eftir því að lögð verði meiri áhersla á liðakeppni í neðri þrepum og að verið sé að bregðast við því.

Berglind útskýrir að nú sé 50% móta liðakeppni og þar sem að annað einstaklingsmótið er ekki opið öllum. Passa verði upp á að jafnræði ríki á milli iðkenada, að þeir sem eru fljótir í gegnum þrepum geta ungir farið að keppa í einstaklingskeppni mun fyrr en þeir sem eru

Berglind bendir á að bæta megi fimleikamót með því að bæta ungjörðina án þess að umturna keppnisfyrirkomulaginu.

Íris bendir á að hægt er að skipta liðakeppni upp í deildir.

Arnar bendir á að sem hreyfing þurfum við að ákveða hvernig við sem hreyfing ætlum að hampa börnum á hverjum aldri fyrir sig.

Hlín bendir á að félögin, sem eru að fara fram á aukna keppni í liðakeppni, þurfi að gera það á sínum mótum í félögum líka.

Hanna fagnar því að þessi umræða eigi sér stað og vill fá hana í fleiri hópum.

Erindi frestað og verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.

#### 4. **Nýir meðlimir í TK og FRÆ**

Tveir aðilar hafa boðið sig fram í laus pláss í nefndum sem voru ekki fullmannaðar. Zoltán Demeny í Tækninefnd karla og Fanney Magnúsdóttir í Fræðslunefnd.

Samþykkt

#### 5. **RIG – staða á mótinu fyrir 2017**

Sólveig kynnir að RIG verði aftur á dagskrá hjá Fimleikasambandinu á komandi keppnistímabili eftir að hafa ekki verið á dagskrá á síðasta keppnistímabilinu.

#### 6. **Samráðs- og upplýsingafundur – drög að dagskrá**

Fundurinn verður haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal 17. September og dagskráin er frá 13:00-15:00

#### 7. **Erindi frá THF – dómaraundirbúningur á norður- og austurlandi**

THF óskar eftir því að halda dómaraundirbúningsfund á norður- og austurlandi.

Erindi samþykkt.

#### 8. **Kröfur móta – a) TK, b) THF**

Tækninefnd karla og tækninefnd í hóp fimleikum hafa sent inn kröfur móta fyrir keppnistímabilið.

a) Erindi frestað.

b) Erindi samþykkt.

Til upplýsinga

**9. FIG þing**

Þing alþjóða fimleikasambandsins verður haldið í Japan þann 18.-21. október.

Hlíf Þorgeirsdóttir er í framboði til nefndar um Fimleika fyrir alla og auk hennar fara Sólveig og Arnar á þingið.

**10. Alþjóðleg dómara námskeið WAG og MAG**

Nýjar dómara reglur koma með nýjum ólympíuhring og eru námskeið hjá alþjóða fimleikasambandinu framundan.

**11. Keppnisreglur THF – uppfærsla**

**Fundi slitið kl. 19:55**

**5. fundur stjórnar verður haldinn þann 13. september kl. 18:00**